

**Sp.**

## **791. Tillaga til þingsályktunar**

um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Katrín Thoroddsen, Garðar Þorsteinsson,  
Páll Zóphóniasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna millipínganefnd til að endurskoða löggjöf um sölu lyfja og leggja fyrir næsta Alþingi heildarlöggjöf um það efni.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þannig: Stjórn Apótekarafélags Íslands tilnefnir einn mann, stjórn Lyffræðingafélags Íslands annan, stjórn Læknafélags Íslands þriðja, og skal hann vera héraðslæknir með lyfsalaréttindum, hæstiréttur tilnefnir þann fjórða, og skal hann vera lögfræðingur og jafnframt formaður nefndarinnar. Landlæknir er sjálfkjörinn sem fimmti maður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

### **Greinargerð.**

6. ágúst 1942 lagði landlæknir það til í bréfi til heilbrigðismálaráðherra Jakobs Möllers, að hann skipaði nefnd til að endurskoða lyfsölulöggjöfina. Við þessu varð ráðherrann og skipaði 26. s. m. nefnd til þessa. Nefndin skilaði álitinu sínu 1943 og lagði fram frumvarp til lyfsölulaga og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Þessi frumvörp voru send mönnum úr heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. Alþingis 1944 af landlækni með tilmælum um, að þeir flyttu þau á Alþingi. Um það náðist þó ekki samkomulag þá. Apótekar- og Lyffræðingafélögum Íslands líkaði ekki þessi frumvörp og þótti, að þeirra sjónarmiða, sem þeir töldu, að þyrfti að taka tillit til við samning slíkra frumvarpa, hefði lítið gætt. Fyrir því skipuðu þessi félög sameiginlega nefnd, og samdi hún nýtt frumvarp, er var sent heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. til flutnings á síðastliðnu þingi. Fyrirverandi félagsmálaráðherra hafði hins vegar sent heilbrigðis- og félagsmálanefnd Ed. frumvarp það, sem nefndin, er ráðherra skipaði 1942, samdi, lítið breytt, og mæltist til, að nefndin flytti það.

Við lestur beggja þessara frumvarpa um lyfsölu kemur í ljós, að mikill skoðanamanur er hjá þeim, sem frumvörpin hafa samið. Sá mismunur skal ekki rakinn hér, en þar sem ekki hafa verið gerðar verulegar tilraunir til að samrýma þau ólíku sjónarmið, er fram koma í frumvörpunum, þótti meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefnda beggja deilda ástæða til að láta reyna til þrautar, hvort ekki væri hægt að semja eitt frumvarp um lyfsölu, sem allir mættu una sæmilega við, og lagði því til, að millipínganefnd yrði kosin í málið. Þingsályktunartillaga um þetta efni var borin fram í Sp. Allsherjarnefnd fékk tillöguna til meðferðar og lagði einróma til, að hún yrði samþykkt með þeirri einu breytingu, að læknirinn, sem ætlaðt var til, að Læknafélag Íslands tilnefndi, væri héraðslæknir með lyfsalaréttindum, en lengra komst tillagan ekki á því þingi.

Mörg þau ákvæði, sem nú gilda um lyfsölu, eru orðin gömul og úrelt og þurfa bráðra breytinga við, en eins og málefni standa til í þessum efnum, leggjum vér til, að millipínganefnd sé skipuð í málið, eins og í ofangreindri þáttill. getur. Með tilliti til þess, að málið hefur fengið sæmilegan undirbúning með samning áður nefndra frumvarpa, telja flutningsmenn, að nefndin geti lokið störfum fyrir 1. okt. n. k., svo að málið megi koma fyrir næsta Alþingi og þá væntanlega fá afgreiðslu á því þingi.